

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

2003/EES/23/58

frá 3. desember 2001

um ár fatlaðra 2003 í Evrópu (*)

(2001/903/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmið Evrópubandalagsins er að stuðla að miklu atvinnuframboði og félagslegri vernd og bæta lífsgæði og auka lífsgæði íbúa í aðildarríkjunum.
- 2) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er viðurkennd nauðsyn þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir um aðlögun fatlaðra í félagslegu og efnahagslegu tilliti.
- 3) Í ályktun ráðsins og menntamálaráðherranna, sem komu saman í ráðinu 31. maí 1990, um aðlögun fatlaðra barna og ungmenna að almennum menntakerfum er lögð áhersla á að „aðildarríkin hafi komið sér saman um að leita leiða, þar sem þörf er á, fyrir fatlaða nemendur og háskólanema til að aðlagast hinu almenna menntakerfi eða hvetja þá til að taka þátt í því í öllum tilvikum þegar við á“.

- 4) Í ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á fundi í ráðinu 20. desember 1996, um jöfn tækifæri fyrir fatlaða ⁽⁵⁾, og ályktun ráðsins frá 17. júní 1999 um jöfn atvinnutækifæri fyrir fatlaða ⁽⁶⁾, eru áréttuð þau grundvallarmannréttindi fatlaðra að þeir hafi félagsleg og efnahagsleg tækifæri til jafns við aðra.
- 5) Niðurstöður fundar leiðtoga ráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 kalla á að aðildarríkin taki meira tillit til félagslegrar útskýfunar í stefnu sinni, að því er varðar atvinnu, menntun, þjálfun, heilbrigði og húsnæði, og skilgreini forgangsaðgerðir fyrir tiltekna markhópa, svo sem fatlaða.
- 6) Í evrópsku framkvæmdaáætluninni um félagsmál, sem samþykkt var á fundi leiðtoga ráðsins í Nice 7., 8. og 9. desember 2000 ⁽⁷⁾, kemur fram að Evrópusambandið muni þróa, einkum á ári fatlaðra í Evrópu (2003), „allar aðgerðir sem eiga að stuðla að meiri aðlögun fatlaðra á öllum sviðum lífsins“.
- 7) Árið 2003 er tíunda árið frá því að staðlaðar reglur um jöfn tækifæri fyrir fatlaða voru samþykktar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna en reglurnar hafa stuðlað að umtalsverðum framförum í afstöðu til fötlunar samkvæmt meginreglum um mannréttindi.
- 8) Í þessari ákvörðun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ⁽⁸⁾. Í þessari ákvörðun er einkum leitast við að stuðla að því að beitt sé meginreglum um bann við mismunun og um aðlögun fólks sem býr við fötlun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 335, 19.12.2001, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjörþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 52.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 160.

⁽²⁾ Álit var skilað 15. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Álit var skilað 17. október 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Álit var skilað 15. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 12, 13.1.1997, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 186, 2.7.1999, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 157, 30.5.2001, bls. 4.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

- 9) Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndin og svæðanefndin hafa hvatt bandalagið til að auka framlag sitt til átaks í aðildarríkjunum til að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir fatlaða með aðlögun þeirra að samfélaginu í huga.
- 10) Framkvæmdastjórnin samþykkti 10. maí 2000 orðsendingu sem ber yfirskriftina „Evrópa án hindrana fyrir fatlaða“ þar sem hún skuldbindur sig til að móta og styðja viðtæka og heilsteypa starfsáætlun til að takast á við hindranir af félagslegum toga og þær sem leiða af byggingum og hönnun sem að óþörfu hindrar fatlaða í að njóta félagslegra og fjárhagslegra tækifæra. Þingið samþykkti svipaða ályktun samhljóða.
- 11) Almennur rammi, sem stuðlar að jafnrétti í atvinnulífinu og kveðið er á um í tilskipun 2000/78/EB ⁽¹⁾ og í aðgerðaáætlun bandalagsins til að berjast gegn mismunun og á að styðja og vera viðbót við lagasetningu bandalagsins og aðildarríkjanna, sem komið var á með ákvörðun 2000/750/EB ⁽²⁾, miðast við að breyta venjum og viðhorfi með því að virkja viðkomandi aðila og stuðla að gagnkvæmri miðlun upplýsinga og góðum starfsvenjum.
- 12) Þar sem útilokun fatlaðra frá vinnumarkaðinum er órjúfanlega tengd viðhorfi og skorti á upplýsingum um fötlun er nauðsynlegt að auka skilning í þjóðfélaginu á réttindum, þörfum og getu fatlaðra og þörf er á sameiginlegu átaki allra hinna mismunandi aðila til að þróa og stuðla að upplýsingaflæði og skiptast á góðum starfsvenjum.
- 13) Aukinn skilningur skapast fyrst og fremst með skilvirkum aðgerðum í aðildarríkjunum auk samræmds átaks í bandalaginu. Evrópuárið gæti verið hvatning til aukins skilnings og til að koma hreyfingu á málið.
- 14) Þörf er á samræmi við aðrar bandalagsaðgerðir og aðgerðir til fyllingar þeim, einkum til að berjast gegn mismunun og félagslegri útskúfun og til að stuðla að mannréttindum, jafnrétti til náms og starfsþjálfunar og jafnrétti kynjanna.
- 15) Sameiginleg yfirlýsing frá 20. júlí 2000 kveður á um að fjárveitingavaldið skili álit um hvort nýju tillögurnar og þau áhrif, sem þau hafa á fjárlög, samræmist fjárhagsrammanum án þess að takmarka núverandi stefnu.
- 16) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) er kveðið á um nánari samvinnu á sviði félagsmála á milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess og þeirra landa Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EFTA-landanna innan EES). Rétt er að kveða á um að löndunum í Mið- og Austur-Evrópu, sem hafa sótt

um aðild að Evrópusambandinu, verði heimiluð þátttaka með þeim skilyrðum, sem um getur í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða, og Kýpur, Möltu og Tyrkland með aukafjárveitingu og samkvæmt málsmeðferð sem samið verður um við þessi lönd.

- 17) Í þessari ákvörðun er að finna viðmiðunarfjárhæð í skilningi 34. mgr. samstarfssamningsins milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga ⁽³⁾ án þess þó að það hafi áhrif á heimildir fjárveitingavaldsins eins og þær eru skilgreindar í sáttmálanum.
- 18) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðnum með fyrirhuguðum aðgerðum, sem eru að auka skilning á réttindum fatlaðra á evrópskum vettvangi, m.a. vegna þess að þörf er á marghliða samstarfi, skiptum á upplýsingum milli landa og miðlun góðra starfsvenja um allt bandalagið, og því verði þeim betur náð á vettvangi bandalagsins, getur bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sbr. þá grein, er ekki gengið lengra með þessari ákvörðun en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.
- 19) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um það hvernig skuli fara með framkvæmdavald sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁴⁾.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Efnt til árs fatlaðra í Evrópu

Árið 2003 skal vera „Ár fatlaðra í Evrópu“.

2. gr.

Markmið

Markmiðin með ári fatlaðra í Evrópu eru:

- a) að auka skilning á réttindum fatlaðra svo að þeim verði ekki mismunað og þeir njóti fullra réttinda og jafnréttis;

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 303, 2.12.2000, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 303, 2.12.2000, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- b) að hvetja til umhugsunar og umræðna um hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir fatlaða í Evrópu;
- c) að stuðla að því að miðla reynslu af góðum starfsvenjum og skilvirkum starfsáætlunum sem settar eru saman á staðbundnum, innlendum og evrópskum vettvangi;
- d) að efla samstarf allra viðkomandi aðila, nánar tiltekið ríkisstjórnar, aðila vinnumarkaðarins, fjálsra félagsamtaka, félagslegrar þjónustu, einkafyrirtækja, ýmissa samfélaga, hópa sjálfbodaliða, fatlaðra og fjölskyldna þeirra;
- e) að auka umræður um fötlun og stuðla að jákvæðri mynd fatlaðra;
- f) að auka skilning á því að fatlaðir eru mjög misleitir hópur og fötlun er mismunandi;
- g) að auka skilning á margþættri mismunun sem fatlaðir standa frammi fyrir;
- h) að huga sérstaklega að skilningi á jafnrétti fatlaðra barna og ungmenna til náms í því skyni að hvetja til og stuðla að aðlögun þeirra í þjóðfélaginu og stuðla að þróun evrópsks samstarfs milli þeirra sem tengjast menntun fatlaðra barna og ungmenna á faglegan hátt í því skyni að auka aðlögun nemenda og háskólanema með sérþarfir innan almennra eða sérhæfðra stofnana og í innlendum eða evrópskum skiptiáætlunum.

3. gr.

Helstu ráðstafanir

1. Ráðstafanir, sem ætlað er að ná þeim markmiðum sem um getur í 2. gr., geta falið í sér að móta eða veita stuðning við:
 - a) fundi og viðburði,
 - b) upplýsingaferðir og kynningarátak í öllum aðildarríkjunum,
 - c) samstarf við fjölmiðla,
 - d) kannanir og rannsóknir í öllu bandalaginu.
2. Upplýsingar um ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Framkvæmd á vettvangi bandalagsins

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að aðgerðir bandalagsins, sem falla undir þessa ákvörðun, komi til framkvæmda í samræmi við viðaukann.

Hún skal sjá um regluleg skoðanaskipti við fulltrúa fatlaðra á vettvangi bandalagsins um útfærslu, framkvæmd og eftirfylgni á ári fatlaðra í Evrópu. Í því skyni skal

framkvæmdastjórnin veita fulltrúunum aðgang að viðkomandi upplýsingum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem komið var á fót skv. 1. mgr. 6. gr., um álit sitt.

5. gr.

Samstarf og framkvæmd á innlendum vettvangi

1. Hvert aðildarríki skal bera ábyrgð á samræmingu og framkvæmd ráðstafananna, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, á innlendum vettvangi, þ.m.t. val á verkefnum skv. B-hluta viðaukans.

Í því skyni skal hvert aðildarríki setja eða tilnefna innlendan samræmingaraðila eða hliðstæðan aðila til að skipuleggja þátttöku þess í ári fatlaðra í Evrópu. Þessi aðili skal tryggja að hann sé fulltrúi fyrir allmargar stofnanir sem starfa fyrir fatlaða og aðra viðkomandi hagsmunaaðila.

2. Ráðstafanirnar, sem þarf að gera til að ákvarða heildarstyrki til úthlutunar í aðildarríkjunum til að styðja aðgerðir á landsvísi, sem og svæðisbundið eða staðbundið, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr. Heildarstyrkir skulu aðeins veittir lögformlegum aðilum eða aðilum sem aðildarríkin hafa tryggt verkefni í opinberri þjónustu.

3. Málsmeðferð við notkun heildarstyrkja skal vera háð samkomulagi milli framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi aðildarríkis.

Einkum skal gera nákvæma grein fyrir málsmeðferðinni í samræmi við fjárhagsreglugerðina frá 21. desember 1977 sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽¹⁾:

- a) ráðstafanir sem á að gera,
- b) viðmiðanir við val á styrkþegum,
- c) skilyrði fyrir aðstoð og fjárhæð,
- d) fyrirkomulag á eftirliti, mati og tryggingu fyrir fjármálastjórn heildarstyrksins.

6. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar (hér á eftir kölluð „nefndin“).
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Heimilt er að styrkja allt að 80% aðgerða sem fara fram í öllu bandalaginu, eins og lýst er í A-hluta viðaukans, eða gera kaupsamninga sem eru fjármagnaðir af fjárlögum Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 356, 31.12.1977, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 762/2001 (Stjtið. EB L 111, 20.4.2001, bls. 1).

2. Aðgerðir, sem eru staðbundnar, svæðisbundnar eða innlendar eða ná jafnvel út fyrir landamæri, eins og lýst er í B-hluta viðaukans, er hægt að fjármagna að hluta af fjárlögum Evrópubandalaganna þannig að nemi allt að 50% af heildarkostnaði.

8. gr.

Málsmeðferð við umsóknir og val

1. Ákvarðanir um fjármögnun og sameiginlega fjármögnun ráðstafana skv. 1. mgr. 7. gr. skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr. Framkvæmdastjórnin skal tryggja jafna dreifingu milli mismunandi sviða starfseminnar sem um er að ræða.

2. Umsóknir um fjármögnun ráðstafana skv. 2. mgr. 7. gr. skulu lagðar fyrir aðildarríkin. Aðildarríkin skulu velja styrkþega og úthluta umsækjendunum, sem voru valdir, fjárhagsaðstoð í samræmi við 3. mgr. 5. gr. á grundvelli álitis innlendu samræmingaraðilanna.

9. gr.

Samræmi og fylling

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja samræmi milli ráðstafana, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, og annarra aðgerða og framtaksverkefna bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal einnig tryggja að gripð sé til viðeigandi aðgerða svo að fötluðum sé gert kleift að taka jafnan þátt í áætlunum og framtaksverkefnum bandalagsins.

Hún skal einnig tryggja að ár fatlaðra í Evrópu, önnur framtaksverkefni bandalagsins, innlend og svæðisbundin framtaksverkefni og fjármagn myndi til samans hagstæða heild þar sem þau geta stuðlað að því að markmiðum með ári fatlaðra í Evrópu verði náð.

10. gr.

Þátttaka EFTA-landanna innan EES, samstarfsríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu, Kýpur, Möltu og Tyrklands

Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í ári fatlaðra í Evrópu:

- EFTA-lönd innan EES í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- umsóknarlönd í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;

- Kýpur, Malta og Tyrkland, þátttaka þeirra grundvallast á aukafjárveitingum í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við þessi lönd.

11. gr.

Fjárhagsáætlun

- Viðmiðunarfjárhæðin fyrir framkvæmd þessarar ákvörðunar skal hér með vera 12 milljónir evra.
- Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.
- Heimilt er að fjármagna aðgerðir til undirbúnings ári fatlaðra til og með 1. janúar 2002.

12. gr.

Alþjóðlegt samstarf

Framkvæmdastjórninni er heimilt að starfa með viðkomandi alþjóðastofnunum innan ramma þessarar ákvörðunar.

13. gr.

Eftirlit og mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2004, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina skýrslu um framkvæmd, niðurstöður og heildarmat á þeim aðgerðum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, þ.m.t. mat á langtímaáhrifum ráðstafananna. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að skýrslan sé með því sniði að fatlaðir geti haft aðgang að henni.

14. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún öðlast gildi daginn sem hún er birt.

Gjört í Brussel 3. desember 2001.

Fyrir hönd ráðsins,

F. VANDENBROUCKE

forseti.

VIÐAUKI

RÁDSTAFANIR SEM UM GETUR Í 3. GR.

A. Aðgerðir innan bandalagsins

1. Fundir og viðburðir:
 - a) skipulagning funda á vettvangi bandalagsins;
 - b) skipulagning viðburða til að auka skilning á réttindum fatlaðra, þ.m.t. ráðstefnur við upphaf og lok árs fatlaðra í Evrópu.
2. Upplýsingaherferðir og kynningarátak:
 - a) mótun kennimerkis og slagorða fyrir ár fatlaðra í Evrópu til að nota í allri starfsemi sem tengist því;
 - b) upplýsingaherferð um allt bandalagið;
 - c) framleiðsla tækja og hjálpargagna sem fatlaðir hafa aðgang að alls staðar í bandalaginu;
 - d) viðeigandi framtaksverkefni samtaka fatlaðra í Evrópu miðuðust við að miðla upplýsingum á Evrópuárinu sem voru einkum sniðnar að þörfum fólks með sérstaka eða margþætta fötlun og/eða fatlaðra sem búa við margþætta mismunun;
 - e) skipulögð keppni á evrópskum vettvangi þar sem lögð er áhersla á árangur og reynslu af viðfangsefnum árs fatlaðra í Evrópu.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að stofnanir fyrir fatlaða hafi hönd í bagga þegar verið er að undirbúa tilkynningar og myndefni í upplýsingaherferðinni.

3. Aðrar aðgerðir:

Samstarf við fjölmiðla, sem dreifa upplýsingum um ár fatlaðra í Evrópu, um notkun nýrrar tækni sem auðveldar aðgang að þessum upplýsingum (t.d. textun fyrir heyrnaskerta og myndlýsingar fyrir sjónskerta) og öðrum áætlunum, eins og unnt er, og til að bæta orðsendingar er varða fatlaða.

Kannanir og rannsóknir sem eru unnar í öllu bandalaginu, þ.m.t. spurningar sem gera unnt að meta þau áhrif sem ár fatlaðra í Evrópu hefur, og skulu þær vera þáttur í könnun á viðhorfum almennings í Evrópu og matsskýrslu um árangur og áhrif af téðu ári. Í þessari rannsókn skal einnig meta það átak sem gert er til að þessir einstaklingar aðlagist í bandalaginu, einkum með áætlunum sem stuðla að sjálfstæðum lífnaðarháttum.

4. Þessi fjármögnun getur verið:

- bein kaup á vörum og þjónustu, einkum á sviði fjarskipta, með opnum og/eða lokuðum útboðum,
- bein kaup á ráðgjafarþjónustu með opnum og/eða lokuðum útboðum,
- styrkir, veittir til að greiða kostnað af sérstökum viðburðum sem eru skipulagðir á evrópskum vettvangi til að leggja áherslu á og auka skilning á ári fatlaðra í Evrópu; slík fjárframlög skulu ekki fara yfir 80%.

B. Aðgerðir á innlendum vettvangi

Aðgerðir á staðbundnum, svæðisbundnum, innlendum eða alþjóðlegum vettvangi er hægt að fjármagna með framlagi sem nemur allt að 50% af kostnaði, allt eftir aðgerðum og inntaki. Þær geta náð yfir:

1. viðburði sem tengjast markmiðum árs fatlaðra í Evrópu, þ.m.t. þegar árinu er hleypt af stokkunum;
2. upplýsingaherferðir og ráðstafanir til að miðla dæmum um góða starfsvenju, öðrum en þeim sem lýst er í 2. mgr. A-hluta í viðaukanum;
3. skipulagningu verðlaunaveitinga eða keppna;
4. aðrar kannanir og rannsóknir en um getur í 3. lið A-hluta.

C. Aðgerð sem ekki er hægt að fá fjárhagsaðstoð fyrir úr sjóðum bandalagsins

Bandalagið veitir framtaksverkefnum opinberra eða einkarekinna stofnana siðferðilegan stuðning, þ.m.t. skriflega heimild til að nota kennimerkið og annað efni tengt Evrópuárinu, svo framarlega sem þessar stofnanir geti sýnt framkvæmdastjórninni fram á það með fullnægjandi hætti að þessi framtaksverkefni séu eða verði unnin á árinu 2003 og hægt sé að gera ráð fyrir að þau séu mikilvægt framlag til að ná einu eða fleiri markmiðum viðkomandi árs.

Til að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd getur framkvæmdastjórnin notið tækni- og/eða stjórnsýsluástoðar á sviði greiningar, undirbúnings, umsýslu, eftirlits, úttektar og stjórnunar ráðstafananna, sem settar eru fram í 3. gr., sem kemur bæði framkvæmdastjórninni og styrkþegum til góða.

Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að vinna að rannsóknum, skipuleggja fundi sérfræðinga, annast upplýsingaherferðir og sjá um útgáfu sem tengist beint markmiðunum í þessari ákvörðun.
